ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST !

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

AUKABLAÐ

25. febrúar 1976

MÁLGAGN EININGARSAMTAKA KOMMÚNISTA (MARX-LENÍNISTA)

Samningar framundan

Nú stefnir að samningum og þar með að lokum verkfallsins sem nú stendur yfir.
Leynimakk ASÍ og VSÍ hefur þar með borið ávöxt sem atvinnurekendur sætta sig við.

Margir eru þeir sem hafa enga trú á verkfallsleiðinni - standa gegn verkföllum og sjá það eitt að stunda mikla og harða vinna til að geta skrimmt af sultarlaunum verkafólks og vinnandi alþýðu.
En stéttvísin fer vaxandi.

Hvað mun nú samvinna "verkalýðsforystunnar" og auðmannastéttarinnar bera með sér?
Hvers kyns samninga er verið að gera?

VERKALÝÐSBLAÐIÐ á ekki fulltrúa á ástarfundum stórlaxa VSÍ og aðals mannanna í ASÍ - við getum aðeins túlkað magrar upplýsingar fjölmiðla og sett þær í samhengi.

Ljóst er að stéttasamvinnuforkólfar krata, Alþýðubandalags og Sjálfstæðisflokksins samþykkja í meginatriðum tilboð sáttanefndar ríkisvaldsins. Í því felst í raun að kaup hækkunin (13-16%) nær ekki að halda í við verðhækkanir á samningstímabilinu, sé miðað við vísitöluhækkunina fram til þessa.

1. Engar vísitölubætur skulu vera, fyrr en í fyrsta lagi eftir að verð hækkanir eru orðnar svo miklar að kauðhækkunin er horfin.
-- Með þessu er verið að leggja blessun yfir gerræði "vinstri" stjórnar Ólafs, fyrrverandi, og núverandi "hægri" stjórnar Geirs, þegar vísitölubinding launa var afnumin með lögum.
--- Með þessu er verið að leggja blessun yfir kauprán það sem þegar hefur farið fram - í febr. '74 náðu grunnlaun 67% framfærslukostnaðar, nú núm 46%.
---Með þessu er verið að viðurkenna að "þjóðartekjur" ákvarði kaup fólks - að atvinnurekendur séu á sama báti og verkafólk og hafi ekki "efni á" að skila ránsfengnum sem þeir hafa eytt í fjárfestingar, lúxuslíf og brask.

2. Loks er fallið frá ýmsum sérkröfur gegn nokkur hundruð króna kauphækkun. Þau landssambönd sem samþykkja ekki slíka hungurlús, fá ekki neitt.

3. Þessir fyrirhuguðu samningar eru enn sem fyrr augljós svik við vinnandi fólk, enda ekki við öðru að búast meðan vinnandi fólk stendur ekki saman að kjarabaráttunni, heldur lætur sjálfskipaðar nefndir, bitlingakónga úr ASÍ "heyja baráttuna fyrir fólkið".

Hvað ber að gera?

SAMNINGANA VERÐUR AÐ FELLA, hvað sem kröppum kjörum og fjárskorti líður. Þeir auka aðeins arðrán og vinnuálag á vinnandi fólki.

Smáatriðum eins og nokkurra % hærri áfangahækkun í næsta mánuði en ella eða loddarabragðinu með "rauðu strikin" verður að víkja til hliðar.

Einu gildir hvort 3% eða 5% kauphækkun er greidd fljótlega eða ekki. Hækkun á bensíni eða hitaveitu gleypir hana jafnóðum.

frh. bls. 6.

UM UNDANÞÁGUR

Hvaða reglum á fyrst og fremst að fara eftir við veitingu undanþága?
Það á einungis að veita þær undanþágur, sem geta stuðlað að auknum styrk og betra úthaldi stéttarinnar Varðandi starsfólk á sjúkrahúsum, elliheimilum og fleiri stofnunum

sama eðlis er rétt að veita undanþágur til nauðsynlegustu starfa.
En almenna reglan ætti að vera sú að veita undanþágur aðeins í þeim tilvikum þar sem baráttustaða eða hagsmunir vinnandi fólks biðu ella tjón. Dæmi um það er t.a.m. undanþágur til landhelgisgæslunnar, og undanþágur til þjónustu á borð við framleiðslu og dreifingu mjólkur, að ekki sé talað um strætisvagna. Jafnframt ætti skilyrðislaust að veita undanþágur til launagreiðslna.
Dæmi um undanþágur, sem eru rangar, er heimildir til að dagblöðin komi út. Þau standa öll meira eða minna gegn baráttu vinnandi fólks fyrir bættum kjörum. Atvinnurekendur, sendisveinar þeirra og verkalýðsforingjarnir geta í gegnum dagblöðin ausið undansláttar-, úrtölu- og hreinum lygaáróðri, s.s. "Þjóðarbúið þolir ekki neinar kauphækkanir" og "beitum leið samvinnu allra sté stétta í stað "hóflausrar baráttu."

LEIÐRÉTTING

Athugasemdir við bæklinginn "Hvað ber að gera" nr.1.

Á bls.4, varðandi kaupkröfuna, segir, að EIK(m-l) setji fram kröfuna 91.290 krónur. Það á að vera kr. 95.290. Það, sem gengið er útfrá er, að mismunur á framfærslukostnaði og kaupi á 5.taxta Dagsbr. sé 16.262. Samkvæmt upplýsingum, sem við höfðum við útkomu bæklingsins, var framfærslukostnaður 112.153. Við útkomu aukablaðs af Verkalýðsblaðinu var sett fram krafan 100.000 krónur. Þá var framfærslukostnaður kominn upp í ca. 116.000. Sem sagt: Sama krónutölumismun milli framfærslukostnaðar og kaupgjalds og var eftir samninga í febrúar '74 - 47.000 ofan á öll laun.

Fylkingin á biðilsbuxum

Í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins á þriðjudag var greint frá því, að Fylkingin hefði þá um daginn haldið útifund á Lækjartorgi, sem hefði "harðlega gagnrýnt forystu verkalýðsins í landinu". Þar hefðu mætt rösklega 200 manns. Sýnir sú tala, að margir eru áhugasamir um baráttu gegn stéttasamvinnunni, því bæði var fundurinn illa auglýstur og auk þess nafn Fylkingarinnar síst til þess fallið að laða að sér alþýðu manna. Í Verkfalls-Neista, sem kom út daginn áður, er svo sagt frá því, að EIK(m-l), KSML, AB og Alþ.fl. hafi hafnað samvinnu við Fylkinguna um aðgerðir þessar. Skal nú af hálfu EIK(m-l) greint nokkuð frá ástæðum þess, að ekki varð af samvinnu.
Í fyrsta lagi var af hálfu trotskista krafist "skoðanafrelsis", þ.e. að hver samtök mættu koma með sínar "sér" kröfur, sem þá yrðu auðkenndar þeim á einhvern hátt. Það kom fram hjá trottunum, að meðal þeirra krafna, sem þeir hugðust setja fram var "Engar undanþágur til Landhelgisgæslunnar". Ekki gátu þeir svarað því, hvernig það gæti verið íslenskri alþýðu gagnlegt, að Bretar gætu óáreittir skrapað fiskinn af miðunum, meðan verkafólk stæði í löngum og erfiðum vinnudeilum.
EIK(m-l) hefir alltaf neitað að beygja sig undir þessa sundrandi samfylkingaraðferð, sem trotskistar nefna skoðana"frelsi". Allir aðilar samfylkingar hafa fullt frelsi til að koma sínum skoðunumm og gagnrýni á framfæri, en það þýðir ekki, að þeir geti notað samfylkinguna til þess.
Annað atriði, sem réði úrslitum þess, að ekki tókst samstarf, var, að EIK(m-l) neitaði algerlega samvinnu við stéttasamvinnuflokkana Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkinn í verkalýðsmálum. Þetta máttu trottar ekki heyra nefnt, og er það útaf fyrir sig lýsandi fyrir hreyfinguna, að þegar hún ætlar að fara að virkja verkalýðinn til baráttu gegn stéttasamvinnunni, kýs hún frekar samstarf við Gvend jaka, Snorra Jónsson og Ebba en marx-lenínista.

VIÐTAL:

Jón Ásgeirsson
Akureyri

fyrrv. formann Einingar

Sp.Hvað þarf að koma til svo árangur náist í þessu verkfalli?

Sv.Ef árangur á að nást,verður eftirfarandi atriðum að vera fullnægt:
1.Full yfirráð verkalýðs yfir lífeyrissjóðunum.
2.Full verðtrygging á laun.
3.Sami kaupmáttur og gilti eftir samningana 27.feb.1974.
4.Arðrán á verkafólki og vinnandi alþýðu sem átt hefur sér stað eftir að vísitölubindingu launa var hætt,verði bætt að fullu.
5.Í samningana verði sett ákvæði um að allar breytingar á þessum atriðum á samningstímabilinu leiði sjálfkrafa til verkfalla.

ASÍ-forystan hefur ekki sett fram neina af þessum kröfum.

Sp.Hvernig finnst þér stéttasamvinna ASÍ-forystunnar koma gleggst í ljós núna við samningaþófið?

Sv.Gelggsta dæmið er lífeyrissjóðamálið.
Forystusauðir ASÍ fullyrða að verka lýðurinn eigi lífeyrissjóðina.
Samt semja þeir við atvinnurekendur um hækkun lífeyrisgreiðslna til aldraðs fólks og viðurkenna þar með að við höfum alls ekki full yfirráð yfir sjóðunum.
Auk þess fengu atvinnurekendur loforð forystunnar um að þetta yrði metið sem kauphækkun.

VINNANDI ALÞÝÐA OG VERKAFÓLK Á AKUREYRI SENDIR STÉTTABARÁTTUKVEÐJUR TIL SAMHERJANNA SUNNANLANDS.

Hverjar eru kröfur BSL.
BSL telja að krafan um fullar vísitölubætur á laun verði að vera ófrávíkjanleg, því kaup hækkun ein sér stoðar lítt, þegar verðbólgan er slík sem hún er. Þá telja BSL þá kröfu réttmæta, að kaup hækki sem svarar kjararýrnun síðustu tveggja ára, eða um 42%, þó svo það yrði í áföngum.

Baráttusamtök launafólks AKUREYRI

Hvers vegna verkfall ?
Nú er hafið verkfall og nauðsynlegt fyrir fólk sem í verkfalli stendur, að gera sér grein fyrir um hvað baráttan stendur. Það liggur ljóst fyrir, að af hálfu ASÍ hafa engar kröfur verið gerðar ASÍ hafa engar kröfur verið settar fram á hendur VSÍ,- hvað varðar kauphækkun og vísitölubætur á laun.

Hlýtur ekki að vera nauðsynlegt að láglaunafólk fái umtalsverða kauphækkun? Slíku getur enginn mótmælt. En eru þá líkur fyrir því að aukning kaupmáttar geti átt sér stað, án þess að kröfur sem lúta að beinni kauphækkun eða vísitölubótum séu settar fa fram? Þessu svara allir neitandi.

Þá er komið að vísitölumálinu. Er til nokkur betri vörn fyrir láglaunafólk gegn rýrnun kaupmáttar , en einmitt vísitöluuppbót á laun. Ef litið er til síðustu tveggja ára, sést að hlutfall launa miðað við framfærslukostnað hefur hrapað úr því að dagvinnulaun á 5. taxta Dagsbrúnar 67% var 67% framfærslukostnaðar í það að vera um 47% framfærslunnar. Þetta þýðir að kaupmátturinn hefur rýrnað um ca. 4o% á tveimur árum. Er það meiri rýrnun en dæmi eru til á svo skömmum tíma.
Því hefur verið haldið fram, að vísitölubinding launa auki verðbólguna. Samt sem áður hefur verðbólgan sjaldan eða aldrei verið meirien síðan í maí '74, þegar vísitölubinding var afnumin með lögum.

Eins og kunnugt er , lagði sátta nefnd fram tillögu að 16% kauphækkun á lægstulaun, á samningstímabili er næði til eins árs. Auk þess var boðin 1500 kr. kauphækkun á laun innan við 54 þús. kr. Í tillögunni er enn fremur gert ráð fyrir því, að greidd verði vísitölu uppbót á laun, þegar framfærslukostnaður hefur hækkað um 15-16%. Sem sagt: Vísitöluuppbót verður ekkigreidd , fyrr en kauphækkunin er að engu orðin. Þetta kallaði ASÍ forystan"umræðuhæft."

Frá EIK(m-l) AKUREYRI

4

UM STÉTTASAMVINNUNA.

a.Stjórn Einingar bauð undanþágur til ræstinga í skólum á Akureyri án þess að hafa samráð við ræstinga konur.Auk þess höfðu forráðamenn skólanna ekki beðið um neinar undanþágur.

b.Stjórn Einingar gaf undanþágu til vinnu á þriðjudag eingöngu hjá Útgerðarfélagi Akureyrar.
Þeir töldu að"vinnuálag yrði of mikið" - ef unnið yrði eingöngu helgina fyrir verkfall..Þótti sumu verkafólki þetta allfurðulegt,því vinnuálag var yfirleitt meira um helgar í janúar heldur en nokkurn tíma - meira en orðið hefði um helgina fyrir verkfallið,þótt unnið væri ekki tiltekinn þriðjudag. Undanþágan var veitt fyrir tilstilli eins helsta stéttasamvinnupáfans á Akureyri,Þorsteins Jónatanssonar,varaformanns Einingar.

Vert er að geta þess að formaður Einingar situr í stjórn Ú.A. og hefur félagið meira að segja gerst hluthafi í fyrirtækinu.

SIGURINN INNSIGLAÐUR.
ÞJÓÐARVILJINN OG ÞJÓÐARHAGSMUNIR HAFA BJARGAÐ ÞJÓÐARBÚINU OG ÞJÓÐARTEKJUNUM.
Þó meirihluti þjóðarinnar nái vart helmingi framfærslukostnaðar með dagvinnunni sinni.



VINSTRI = HÆGRI

UM VANTRAUSTSTILLÖGU STJÓRNARANDSTÖÐUNNAR.

Í miðju verkfallinu barst landsmönnum glaðningur - hinn árlegi skrípaleikur borgaraflokkanna, umræður um vantraust á ríkisstjórnina.

Aðalsökin að þessu sinni var að hafa valdið þessarri ægilegu ógæfu - verkfallinu. Stjórnarandstöðuflokkarnir báðir berjast fyrir auknum afskiptum ríkisvaldsins af kjaradeilum og vilja reyndar helst færa þær alveg inn í þingræðisbáknið, enda væri þá mun auðveldara að notfæra sér þær til framdráttar í kosningum. Með áhrifum sínum innan verkalýðshreyfingarinnar hafa þeir getað komið því til leiðar, að hún leggur á það mikla áherslu í áróðri sínum að "stjórnin fari frá". Telur hún það mun vænlegra til árangurs en kaupkröfur og fjöldabaráttu.
"Verkalýðsflokkarnir" sem svo kalla sig, ásökuðu stjórnina harðlega fyrir að "stjórna þjóðarbúskapnum illa", fyrir "ráðleysi" og "óstjórn". Er helst svo að skilja, að flokkar þessir telji það mesta kjarabót verkalýðnum, að auðvaldsframleiðslan sé betur skipulögð og geti skilað öruggari gróða. Kökukenningin góða liggur þarna til grundvallar, þ.e. að laun verkafólks standi í réttu hlutfalli við gróða auðherranna, því hann má ekki skerða. Semsé, ef það er Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkurinn, sem skipuleggja arðránið, þá er allt í lagi og engin þörf á baráttu. Allt þetta tal um fjöldabaráttu er þarafleiðandi óþarfi og til ills eins. En verkafólk hefir ekki gleymt "vinstri" stjórnar ævintýrinu og æ fleiri gera sér nú grein fyrir því, að það er enginn verkalýðsflokkur til á Íslandi.

Starfsstúlknafélagið Sókn hefir lengi haft töluverða sérstöðu meðal verkalýðsfélaganna á Reykjavíkursvæðinu. Þar hefir í mörg ár verið hljómgrunnur fyrir því, að félagið semdi beint við atvinnurekendur í stað þess að fela ASÍ-forystunni forsjá sinna mála. Segja má, að auk andstöðunnar við "dönsku samningana" svonefndu, hafi það verið andstaðan gegn ASÍ-forystunni, sem varð banabiti fráfarandi formanns Sóknar, Guðmundu Helgadóttur. Hún gekk svo berlega erinda ASÍ toppanna í Sókn, að engum gat dulist. Framkoma þessi hafði reyndar öfug áhrif, því æ stærri hóp félagskvenna tók að gruna, að hagsmunir Sóknarkvenna færu ekki alls kostar saman við hagsmuni ASÍ-páfanna.
Ástæður stjórnarskiptanna koma skýrt í ljós þegar nýskipaður formaður, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, lýsir því yfir í félaginu, að hún vilji að Sókn semji sér í framtíðinni. Þetta er vissulega spor í rétta átt, sem ber að fagna. Enn fremur hefir hinn nýi formaður gefið ástæðu til að ætla, að starf í félaginu verði með lýðræðislegri og virkari hætti en verið hefir nú um skeið.
En frammistaða hinnar nýju stjórnar Sóknar í þeirri verkfallsbaráttu, sem nú stendur yfir, lofar ekki jafn góðu. Stjórnin hefir lagt alla áherslu á makk um krónu hér og aur þar samkvæmt hefðbundnum aðferðum stéttasamvinnumanna. Þetta er því verra, sem þess er gætt, að baráttuharka Sóknarkvenna hefir aldrei verið meiri en nú. Krafan um víðtækt og hart verkfall er mjög almenn og sterk bæði frá félagsfundum og flestum vinnustöðvum Sóknar, eins og formaðurinn hefir reyndar sjálf sagt í blaðaviðtölum. Undarleg er því sú ákvörðun stjórnar og trúnaðarráðs að fresta tvívegis boðuðu verkfalli. Þessi afstaða er vanmat á fjöldabaráttunni og sýnir, að þessar konur telja makkið suður á Loftleiðahóteli hina raunverulegu baráttu. Hér er því stéttasamvinnulínan á ferðinni.
Það er ærið mislit pólitík, sem býr að baki andstöðunni gegn ASÍ innan Sóknar, allt frá meðvitaðri stéttabaráttustefnu til femínista, sem telja kynferði ASÍ broddanna orsök slælegra baráttuaðferða þeirra. En í heild er mikil vakning í félaginu og forystan tiltölulega jákvæð. Það er því ekki ósennilegt, að Sókn láti ekki bjóða sér neina smánarsamninga að þessu sinni, en það er nú ljóst orðið, að frá Loftleiðasvítunum er ekki annars að vænta en svikasamninga.
Helsta sérkrafa Sóknar núna er að fá kaup sitt leiðrétt til jafns við kaup kvenna í sömu störfum í öðrum landshlutum. Er þar fyrst og fremst miðað við samninga Einingar síðan í fyrra sumar, en einnig samning Alþýðusambands Norðurlands. Báðir þessir samningar eru töluvert hagstæðari en Sóknarsamningurinn.
Viðbrögð ríkisvaldsins við þessarri kröfu Sóknar eru sérstaklega í frásögur færandi sakir ósvífni. Það kom semsé allt í einu í ljós, að ríkið gat alls ekki tekið á sig þá hækkun daggjalda til sjúkrastofnana, sem leiðir af hækkuðu kaupi, þótt ríkið hafi greitt þessi hækkuðu daggjöld í meira en ár, umyrðalaust. Nú fer ríkið þess á leit við sveitarfélögin, að þau taki þessi auknu daggjöld á sig. Enn fremur hefur því verið stungið að ráðsmönnum stofnanna að reyna að rifta þessum samningum, svo Sókn geti ekki vitnað til þeirra. Það verður semsé of dýrt, þegar ríkisvald borgarastéttarinnar þarf að borga hækkuð daggjöld til svo margra og stórra stofnanna, sem eru á félagssvæði Sóknar. En hagsmunir ríkisvalds borgarastéttarinnar eru ekki hagsmunir Sóknarkvenna. Okkur er það brýn nauðsyn, að ná fram lagfæringu á smánarkjörum okkar og látum ekki meta vinnu okkar lægra en annarra sem vinna sömu störf. Það er sjálfsögð réttlætiskrafa.

Sóknarkona

Framhald af forsíðu:

Það hafa áður verið sett "rauð strik" þ.e.á sl.ári.Hins vegar var þá komið í veg fyrir hækkun vísitölunnar,þannig að rauða strikinu var ekki náð.Þetta var gert með því að koma í veg fyrir hækkunina með auknum niðurgreiðslum - með því að nota skattpeninga vinnandi fólks til að halda vísitölunni niðri.

Verkafólk!

Eina færa leiðin er að fella samningana í félögunum,gefa kosnum samninganefndum félagsfunda umboð til samninga,hefja skæruverkföll á mikilvægum vinnustöðum og heimta vísitölubindingu launa strax og a.m.k.40% kauphækkun(80-100 þús.kr. grunnlaun).

Boði atvinnurekendur þá "atvinnu leysi og gjaldþrot" - skal láta reyna á það - og því mætt með baráttu fyrir fullri atvinnu.



FRJÁLSIR SAMNINGAR AÐILA VINNUMARKAÐARINS ERU HORNSTEINN LÝÐRÆÐISINS.

ASÍ - VSÍ.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

ÚTGEFANDI:
EININGARSAMTÖK KOMMÚNISTA(m-l)
póstfang: Skólastræti 3b Reykjavík.
Ritstjóri og ábm. Albert Einarsson.

Ardrændir og kúgadir allra landa sameinist!
VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Í VERKALÝÐSBLAÐINU getur þú lesið um baráttu vinnandi fólks allra landa.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ er blað allrar alþýðu og velunnara hennar.

Verð: áskrift kr. 600.-

GERIST ÁSKRIFENDUR!

Reykjavík: sími 35904 eða skrifið til: Albert Einarsson, Sléttuvegur 45, Reykjavík.

Akureyri: Katjana Edvardsen, Spítalavegi 17, Akureyri.

Gerist Áskrifendur

HVAÐ BER AÐ GERA?

Hvað ber að gera? - er heiti á flokki barátturita sem Októberforlagið sf. er að hefja útgáfu á. Fyrsta ritið, STEFNA EIK (m-l) Í KJARAMÁLUM, er nýlega komið út. Þar er greint frá þeim kröfum sem EIK (m-l) telur mikilvægastar, greint er frá ástandinu í verkalýðshreyfingunni og skipulagningu baráttunnar þar.

1. KAUPIÐ HVAÐ BER AÐ GERA?
2. KYNNIÐ YKKUR STEFNU EIK (m-l) Í KJARAMÁLUM.

SENDIÐ PANTANIR: OKTÓBER-forlagið sf., pósthólf 541, Akureyri, eða Skólastræti 3b, Reykjavík.

Október

Fylgirit við 2.tbl.VERKALÝÐSBLAÐSINS. febr.76
Málgagn Einingarsamtaka kommúnista(marx-leníníska) 2.árg.

OPIÐ BRÉF TIL KOMMÚNISTASAMTAKANNA(m-l).

Miðstjórn og félagar í KSML!

Fundur samtakanna í Lindarbæ í febrúarbyrjun sýndi ljóslega hvert bil er á milli þeirra.
EIK(m-l) heldur fast við þá skoðun sína að KSML hafi ekki verið marx-leníníst samtök og verði það ekki fyrr en þau taki afstöðu gegn fyrra ferli í einu og öllu og setja fram raunverulega marx-leníníska stefnuskrá.

En um leið ítrekum við fyrri staðhæfingar að borgaraleg stefna vinstri róttækni er á undanhaldi í KSML.
Við ásökum ykkur ekki um neins konar vísvitaða skemmdarverka-starfsemi.

Við ítrekum einnig þá skoðun okkar að samvinna sé möguleg milli EIK(m-l) og KSML og ennfremur að EIK(m-l) hefur ekki neitað að starfa í kommúnistaflokki með öllum öðrum kommúnistum en eru í EIK(m-l).

Loks bendum við á að II.landsþing hefur staðfest leiðréttingar EIK(m-l) á eigin stefnu og tekið afstöðu gegn villum endur-skoðunarstefnu,sem samtökin hafa gert.Í 2.tbl.VERKALÝÐABLAÐSINS kemur það helsta fram,en Baráttuleið alþýðunnar kemur svo út á ný í mars.

Til þess að afstaða okkar til stofnunar flokks á páskum 76 sé ljós,er eftirfarandi sett fram:

1.EIK(m-l) telja fráleitt að KSML vinni að einingu kommúnista með því að leggja aðeins fram tilboð að baráttueiningu,að nefndarstörfum til flokksundirbúnings og fastákveðinn dag.
EIK(m-l) samþykkti þegar í stað tilmæli um baráttueiningu og línur þar að lútandi,en ekkert hefur gerst skipulega af hálfu KSML í málinu.

2.EIK(m-l) telja að samtökin sameinist um flokkinn án alhliða einingar - hins vegar verða jafn ólík samtök að ná frædilegri grundvallareiningu,einingu um skipulag flokksins og um nothæfa baráttustefnu í málum,eins og kjarabaráttu dagsins,landhelgis-málinu og t.d.erlendri stóriðju.

Þessa einingu smíða samtökin skv.áætlun- og þá ekki sem áætlun um beina stefnuskrárritun fyrir flokkinn,heldur sem áætlun um baráttusamvinnu og frædilega umræðu þar sem allir félagar samtak-anna eru þátttakendur.Og auðvitað er þetta í raun undirbúningur að flokksstofnun.

Þegar hin þríþætta eining er í ausýn,taka samtökin sameigin-lega til við þeir undirbúningsstörf að stofnþinginu.Þau ákveða saman stofndag og áframhaldandi uppbyggingu flokksins.

3.Flokksbyggingin hefst ekki með stofnþinginu,heldur raunhæfu samstarfi EIK(m-l) og KSML sem miðar að einingu á grundvelli marx-leníníismans.

Félagar í KSML: Hvað er rangt við þetta?
Hvers vegna miða KSML ekki starf sitt og tímasetningu flokksstofnunar við staðreyndir og lágmarkseiningu samtakanna?

EIK(m-l) leggja fram áætlun til KSML. Hún er tvíþætt og svohljóðandi:

A. BARÁTTUEINING. Við samþykktum baráttueiningu þegar í byrjun október 75.

1. Verndun sjálfsákvörðunarréttar Íslands. Úrsögn úr NATO - brottvísun hersins. Gegn ásælni og stríðsundirbúningi Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Gegn EBE og öðrum heimsvaldaríkjum. Fyrir 200 mílna landhelgi Íslands.
2. Samfylking vinnandi alþýðu undir forystu verkalýðsins. Gegn stéttasamvinnustefnu ASÍ, BSRB ofl. Endurreisn verkalýðs- og stéttarfélaganna sem baráttutækja. Gegn endurskoðunarstefnu AB. Gegn kreppupólitík auðvaldsins og dýrtíðinni. Gegn trotskisma Fylkingarinnar.
3. Verndun lýðréttinda alþýðunnar. Gegn pólitísku ofríki auðvaldsins, fasisma og allri valdbeitingu gegn vinnandi fólki.
4. Smíði baráttufylkingar kvenna á grundvelli verka- og alþýðukvenna.
5. Samstaða með kúguðum og arðrændum öflum alls heimsins - andfasistum, þjóðfrelsisöflum III. heimsins, sósíalískum ríkjum og öllum byltingaröflum.

Af þessu leiðir að við förum fram á skipulegt samstarf samtakanna og fulltrúa þeirra um ofangreind málefni. Fulltrúarnir hittist reglulega og starfi að einingu. Þar sem stefnur KSML og EIK(m-l) eru ólíkar, verður að tengja umræður innan þeirra við viðkomandi atriði (sjá B).

B. FRÆÐILEG UMRÆÐA. Við höfum tvisvar áður farið fram á slíkar umræður, þegar eftir stofnun EIK(m-l) og eftir að stofnun flokksins var gerð kunn í sept. sl.

1. Rædd afstaðan til höfuðmóthverfunnar á Íslandi og til stéttanna - sérstaklega hverjir tilheyri öreigastétt og hverjir ekki.
2. Rædd afstaðan til sjálfsakvörðunarréttarins og heimsvaldaásælni hérlendis - m.a. erlenda stóriðju.
3. Rædd aðferð samfylkingarinnar - hvernig henni er beitt í kjara- og landhelgisbaráttunni.
4. Rædd afstaðan til endurskoðunarstefnunnar og Alþýðubandalagsins.

Umræðurnar fari fram sem fyrst og skipulega.

Félagar í KSML!

Þessi áætlun okkar er ekki sett fram gegn stofnun kommúnistaflokks. Hún er gerð til að vinna í raun að sameiningu ísl. marx-leninista. Hún er sett fram vegna þess að raunveruleg staða samtakanna og innbyrðis afstaða krefst þess. Vörumst alhæfingar á reynslu marx-leninista í öðrum löndum.

LIFI BARÁTTAN FYRIR STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS ÍSLANDS!

Einingarsamtök kommúnista (marx-leninista)

Reykjavík/Akureyri.